

Reykjavík þann. 06. 09. 2011

Kl. 20:00

Fundagerð formannafundar

Mættir úr stjórn TKÍ eru:

Erna Héðinsdóttir (E), Hulda Rún Bertudóttir (H), Richard Már Jónsson (R), Sigríður Stefanía Hlynsdóttir (S)

Varamenn:

Arnar Bragason (B), Guðrún Halldóra Vilmundardóttir (G).

Formenn félaga:

Árný Árnadóttir (HK), Dagný Erla Gunnarsdóttir (Breiðablik), Hólmfríður Inga Eyþórsdóttir (Ármann), Jakob Antonsson (ÍR), Írunn Ketilsdóttir (Ármann)

1 Kynning á vefsíðu

Ríkki sýnir vefsíðuna og hvað er komið inn á hana. Hún er í sífeldri þróun:

Félagalisti - Hver deild fær sinn aðgang til þess að setja inn efni og dagskrá frá því félagi. Félögin eiga að geta að fara sett inn efni fyrir félögin sín.

Fréttasíða

Stjórnartíðindi

Skjalasafn

Umsóknir - allar umsóknir um styrki eiga að fara þarna í gegn, fleiri umsóknaform væntanleg.

Námsefni - frá gömlu síðunni, á eftir að bæta við og endurskoða.

Dagskrá - ef þú ert inni í félagi verður hægt að setja æfingatöflu hjá félaginu. s.s. ef iðkandinn er skráður inn og skráður í félagi.

Gallerí, þarf að passa að minnka myndir

Umræður, en líka hægt að skrifa athugasemdir við fréttir.

Það væri gaman ef vefurinn verður lifandi og félögin dugleg að setja inn efni og sækja sér aðstoð ef fólk þarf.

Leiðbeiningar eru settar inn í formi kynningarmyndbanda á vefinn

2 Dagskrá vetrarins mót/viðburðir

Eru inn á dagskrá á heimasíðu www.tki.is

Rennt yfir dagskránnu á dagatalinu.

3 Kynning á stöðu mála varðandi rafbrynjur og styrktarsamninga DaeDo og BuduNord

TKÍ er að kaupa rafbrynjur frá DaeDo. Mest ætlaðar landsliðinu til æfinga og til notkunar á mótum.

Stefnt á að kaupa 24 hlífar þar af 8 með sendum.

Einnig á að bjóða félögunum að kaupa líka minni pakka af brynjum. Kynnir tilboð sem hægt er að fá og hafa verið send á félögin. Minnsti pakkinn sennilega í kringum 200 þús. með öllu. Eru bara brynjur, en ekki skorkerfi. Höfuð og snúningsspörk verða áfram í höndum dómara.

Lítill mótapakki, byrjunarpakkinn, auk 4 brynja án senda, en hægt er að færa sendana á milli. 2 dómarafjarstýringar. Ristahlífar 6 sett. Rafrænn hjálmur (þó ekki samþykktur af WTF) að þeir séu notaðir. Kostnaður um 650 þús.

Sendir um 35 þús, brynjar 35 þús. Verðlistar sendir á formenn félaga.

Írunn og Dagný vilja viku til að hugsa málið og láta vita.

Styrktarsamningar:

Skoðað hvort hægt var að fá styrktarsamninga fyrir landsliðið og kannski stórinnskaup fyrir yngri iðkendur. Getum fengið export verð. Fáum alla galla og búnað fyrir landsliðið á um hálfvirði ef við erum að taka búnað fyrir aðra iðkendur og innkaup fyrir félögin.

Einnig var rætt um að Bushido hafi viljað gera samning við TKÍ um BuduNord búninga, en þar sem þeir eru ekki samþykktir af WTF þá er það ekki möguleiki fyrir landsliðið, en má skoða hvort það hentar fyrir aðra iðkendur.

4 Verklagsreglur varðandi dan gráðanir

Vinnunefnd skilaði af sér tillögu af verklagsreglum stjórnar TKÍ til að sækja um samþykki til Kukkiwon fyrir einstaklinga með 4. og 5. dan til að gráða dan á Íslandi.

Einnig setti vinnunefndin fram hvernig stjórn TKÍ skal afgreiða málið þegar umsóknin hefur borist.

Umsóknarreglur samykktar og hugmynd um að búa til umsóknarform á heimasíðunni.

Greinargerð frá nefnd er líka væntanleg.

Fjallar það um dangráðanir sem væru í höndum TKÍ, án þess þó að taka það úr höndum félaganna.

Hulda útskýrði þær hugmyndir nánar en ekkert hefur verið ákveðið um þetta.

5 Úrtökur í landslið í Poomsae og Sparring - Landsliðsæfingar

Dagsetningar komnar á poomsaeæfingar og endanlegt skipulag að koma á netið. Sparring í vinnslu.

6 Mótanefnd - bikarmót

Búið að leita eftir fólki í stærstu félögunum og búið að fá tvo aðila en reyna á að fá tvo í viðbót.

Rikki útskýrir hugmynd að skipulagi móta, en það er síðan nefndarinnar að útfæra skipulag nánar.

Nefndin mun sjá um að finna keppnisstað og mótsstjóra, halda utanum skipulag og undirbúning móta.

7 Reglugerð varðandi félagaskipti og keppnisleyfi

Umræður um skráningar í Felix og hver á að bera ábyrgð á "réttum" skráningum.

Umræður um uppkast af reglugerð um félagaskipti og keppnisleyfi, almenn ánægja og það samþykkt, en á eftir að lesa betur yfir m.a. af lögfræðingi ÍSÍ.

8 Önnur mál

Umræður um Taekwondo skýrteini og notkun þeirra sem keppnisleyfi.

Fundi slitið kl. 21:45